Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Marc Leo Schweizer, kt. 260688-3759, sem er óstaðsettur í hús í Sviss, að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Suðurlands, á dómþingi sem haldið verður í dómssal héraðsdóms Suðurlands á Selfossi að Austurvegi 4, þann 21. október 2015, kl. 14.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Selfossi, 6. ágúst 2015.

F. h. stefnanda,

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir hdl.

(2015014832

Útgáfud.: 20. ágúst 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Lánasjóður ísl. námsmanna,

kt. 710169-0989,

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur eftirtöldum aðila sem er: Ásta Soffía Valdimarsdóttir (rússneskt nafn: Liubov Anissimova), kt. 231063-2269, með óþekkt heimilisfang í Rússlandi.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur; að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda fjárhæð kr. 2.580.000 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 2.580.225 frá 6. nóvember 2011 til greiðsludags. (Kröfunúmer: 1012-001159).

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, þ.m.t. virðisaukaskatts, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon hrl., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta f. h. stefnanda.

Málavextir og málsástæður: Skuld þessi er vegna námslána stefndu Ástu Soffíu Valdimarsdóttur sem stefndi Héðinn Sverrisson tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna gaf stefnda Ásta Soffía út skuldabréf nr. R-033578 þann 10. júlí 2001 þar sem hún viðurkennir að skulda stefnanda kr. 2.689.704 m.v. grunnvísitölu 235,7. Um er að ræða samanlagða fjárhæð útborgaðra námslána viðkomandi. Héðinn Sverrisson tók á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins fyrir höfuðstól allt að kr. 5.000.000 m.v. grunnvísitölu 209,4. Þá tók ábyrgðin til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða. Skuldabréfið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem verða aldrei hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar.

Um endurgreiðslu á láninu fer skv. lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Endurgreiðslan hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda. Árlega endurgreiðsla skuldabréfsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við lánskjaravísitölu og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af útsvarsstofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2008 og eru gjaldfallin vanskil samtals að fjárhæð kr. 1.709.884. Skv. heimild í skuldabréfinu sjálfu var lánið gjaldfellt miðað við 6. október 2011 vegna verulegra vanskila skuldara en þá námu eftirstöðvar skuldarinnar kr. 2.580.225 m.v. vísitölu 380,9 og 1% vexti og er það stefnukrafa málsins. Þeir gjalddagar sem voru fallnir til fyrir gjaldfellingu lánsins eru nú fyrndir og er því ekki gerð krafa um greiðslu þeirra í málinu.

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið frekari árangur er stefna þessi nauðsynleg. Þann 19. desember 2011 var árituð stefna á hendur ábyrgðarmanninum Héðni Sverrissyni og er honum því ekki stefnt í máli þessu.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnda Ásta er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili hér á landi og þrátt fyrir ítarlega eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á stefndu. Stefna var send til birtingar í Rússlandi en skv. bréfi frá sýslumanninum í Keflavík dags. 14. apríl 2014 skiluðu gögnin sér aldrei úr birtingu frá miðstjórnarvaldinu. Mörg bréf voru send og óskað eftir upplýsingum um stöðu málsins en ekkert svar barst. Var jafnframt reynt að fá upplýsingar símleiðis án árangurs. Á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagarök: Stefndandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sem og til reglugerðar nr. 602/1997 og úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga.

Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001.

Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en málið er rekið fyrir

héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu.

Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til 129. og 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur. Því ber nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefndandi leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá um framlögð gögn.
3. Frumrit skuldabréfs nr. R-033578 (er í héraðsdómi).
4. Yfirlit stefnanda.
5. Innheimtugögn.
6. Bréf frá sýslumanninum í Keflavík dags. 14. apríl 2014.
7. Lögbirtingablað sem stefnan birtist í.
8. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með stefndu, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 24. september n.k. kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. ágúst 2015.

F. h. Sigurbjörns Magnússonar hrl.,
Steinnunn Elna Eyjólfssdóttir lögfr.

(2015014865

Útgáfud.: 24. ágúst 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefndandi: Kleppsvegur 46-50, húsfélag, kt. 540989-2309, Kleppsvegi 46, Reykjavík.

Stefndi: Sairung Nanghong, kt. 300976-2399, Taílandi.

Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 355.000, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 20.000 frá 2. september 2014 til 2. október 2014, af kr. 40.000 frá 2. október 2014 til 2. nóvember 2014, af kr. 80.000 frá 2. nóvember 2014 til 2. desember 2014, af kr. 120.000 frá 2. desember 2014 til 2. janúar 2015, af kr. 160.000 frá 2. janúar 2015 til 2. febrúar 2015, af kr. 200.000 frá 2. febrúar 2015 til 2. mars 2015, af kr. 240.000 frá 2. mars 2015 til 2. apríl 2015, af kr. 280.000 frá 2. apríl 2015 til 2. maí 2015, af kr. 305.000 frá 2. maí 2015 til 2. júní 2015, af kr. 330.000 frá 2. júní 2015 til 2. júlí 2015,

af kr. 355.000 frá 2. júlí 2015 til greiðsludags.
Kröfunúmer 3300-000008.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til innheimtukostnaðar fyrir löginnheimtu í samræmi við heimildir.

Stefnandi krefst og að staðfestur verði lögveðréttur hans í fasteign stefnda sem er, Kleppsvegur 48, Reykjavík, fastanúmer 201-6376 til tryggingar dómkröfunni auk þargreindra dráttarvaxta og málskostnaðar í samræmi við 48. gr. laga nr. 26/1994.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er húsfélag og er skuld þessi tilkomin vegna ógreiddra húsfélagsgjalda stefndu fyrir neðangreinda mánuði fyrir fasteign í hennar eigu sem getið er um í dómkröfu um staðfestingu lögveðsréttar. Samkvæmt beiðni stefndu var Logi Pétursson, kt. 180957-3599 skráður greiðandi á áðurnefndu yfirliti húsfélagsgjalda. Sundurliðast krafan með eftirfarandi hætti:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	2. september 2014	2. september 2014	20.000
2	2. október 2014	2. október 2014	20.000
3	2. nóvember 2014	2. nóvember 2014	40.000
4	2. desember 2014	2. desember 2014	40.000
5	2. janúar 2015	2. janúar 2015	40.000
6	2. febrúar 2015	2. febrúar 2015	40.000
7	2. mars 2015	2. mars 2015	40.000
8	2. apríl 2015	2. apríl 2015	40.000
9	2. maí 2015	2. maí 2015	25.000
10	2. júní 2015	2. júní 2015	25.000
11	2. júlí 2015	2. júlí 2015	25.000

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 355.000 sem er stefnuþjárhæðin í máli þessu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefnda við stefnanda er sá dagur sem fram kemur hér að ofan og er stefnuþjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnda er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár skráð í Taílandi en býr ekki þar en hugsanlega í Þýskalandi. Almennt hafa Tælensk yfirvöld ekki ljá atbeina sinn við að ná birtingu þar. Þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefndu og á stefnandi þar af leiðandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir greiðsluskyldu stefnda á 1. og 2. tl. 13. gr., 45. gr. og sérstaklega 47. gr. laga nr. 26/1994 en skv. tilvitnuðum lagaákvæðum hvílir skylda á eigendum að greiða sameiginlegan kostnað, en kröfur stefnanda eiga rætur að rekja til slíks kostnaðar.

Stefnandi krefst og að staðfestur verði lögveðréttur hans í fasteign stefnda sem er, Kleppsvegur 48, Reykjavík, fastanúmer 201-6376 til tryggingar skuldinni í samræmi við 48. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Stefnandi hefur gert tilraunir til innheimtu krafna sinna hjá stefnda fyrir löginnheimtu, eins og framlagt yfirlit ber með

sér. Því er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviðvörun og milliinnheimtu í samræmi við framlagt yfirlit.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Að auki er vísað til laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, sérstaklega 13., 45., 47. og 48. gr.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram yfirlit, innheimtuviðvörun, innheimtubréf lögmanns stefnanda og yfirlit um innheimtukostnað fyrir löginnheimtu til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda/u tilefni til. Stefna er birt í Lögbirtingablaði sbr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 24. september 2015, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 11. ágúst 2015.

F. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,

Gunnar Sólmes hrl.

(2015014936)

Útgáfud.: 24. ágúst 2015

Stefna - á hendur Hraðpeningum ehf.

Sverrir Einar Eiríksson,

kt. 280271-4629,

53 Burnley Road,

London, Bretlandi,

gerir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Hraðpeningum ehf., kt. 611209-2310, Ármúla 29, Reykjavík, Skorra Rafni Rafnssyni, kt. 030985-3389, Gvendargeisla 102, Reykjavík og Jumdon Micro Finance Ltd. (heimilisfang og auðkenni óþekkt, en þó talið að félagið sé kypverskt).

1. Málflutningsumboð: Skúli Sveinsson hdl., Ármúla 15, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

2. Dómkröfur:

2.1 Dómkröfur á hendur stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að hann sé eigandi að kr. 500.000 hlutum, sem er þriðjungur hlutfjár, í félaginu Hraðpeningum ehf., kt. 611209-2310, sem stefndi, Jumdon Micro Finance Ltd., er skráður fyrir í dag.

Jafnframt er krafist greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd., til handa stefnanda.

Skorra Rafni Rafnssonar, kt. 030985-3389, er stefnt til réttargæslu varðandi framangreinda viðurkenningarkröfu á hendur Jumdon Micro Finance Ltd.

2.2 Dómkröfur á hendur stefnda, Hraðpeninga ehf.

Stefnandi krefst þess að hluthafaskrá stefnda, Hraðpeninga ehf., verði breytt á þá vegu að stefnandi verði skráður eigandi að kr. 500.000 hlutum í félaginu sem í dag eru skráðir á Jumdon Micro Finance Ltd. og jafngildir þriðjungi hlutfjár.

Jafnframt er krafist greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda, Hraðpeningum ehf., til handa stefnanda.

2.3 Dómkröfur á hendur stefnda, Skorra Rafns Rafnssonar.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði skaðabótaábyrgð stefnda, Skorra Rafns Rafnssonar, á tjóni stefnanda vegna ólögmatrar yfirtöku stefnda, Skorra Rafns, á kr. 500.000 hlutum í félaginu Hraðpeningum ehf., sem stefnandi var skráður fyrir í stofngögnum félagsins og framsals þeirra hluta til Jumdon Micro Finance Ltd.

Jafnframt er krafist greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda, Skorra Rafns Rafnssonar, til handa stefnanda.

3. *Málsatvik:* Þann 16. desember 2009 stofnuðu þrír viðskiptafélagar einkahlutafélagið Hraðpeninga ehf., sbr. dskj. nr. 3 til 7. Stofnendur voru Gísli Rúnar Rafnsson, kt. 011159-7969, Skorri Rafn Rafnsson (stefndi) og Sverrir Einar Eiríksson (stefnandi). Tilgangur félagsins var fyrst og fremst að standa að lánastarfsemi, þ.e.a.s. svokölluðum smálánum.

Allt hlutfé félagsins var greitt við stofnun eins og fram kemur í stofngögnum, sbr. dskj. nr. 3 og 7. Kjörinn var endurskoðandi á stofnfundi sem var Guðmundur Jens Þorvarðarson, kt. 120347-3069, löggiltur endurskoðandi. Endurskoðandinn staðfesti jafnframt með undirritun sinni á tilkynningu um stofnun einkahlutafélags til Fyrirtækjaskrár RSK (Ríkisskattstjóra), sem móttekin var þann 17. desember 2009, að allt hlutfé félagsins hefði þegar verið greitt, sbr. dskj. nr. 7.

Skömmu eftir stofnunina breytti stefndi, Skorri, hluthafaskrá félagsins með þeim hætti að hann færði hlutfjáreign viðskiptafélaga sinna þeirra Gísla Rúnars og stefnanda, Sverris, yfir á eigið nafn, án heimildar og án þess að tilkynna Gísla Rúnari eða stefnanda um það með nokkrum hætti. Stefndi, Skorri, hafði enga heimild fengið til þess hjá stefnanda. Óljóst er hvenær yfirfærslan átti sér stað en það mun þó að öllum líkindum hafa verið á árinu 2010.

Hlutverk stefnda, Skorra, í samstarfi þeirra félaga var að hafa umsjón með og reka sameiginlegt félag þeirra, Hraðpeninga ehf., en stefnandi, Sverrir, var erlendis að sinna öðrum sameiginlegum verkefnum þeirra og hafði því ekki tök á að fylgjast með framgangi mála hjá stefnda, Hraðpeningum ehf. Stefndi, Skorri, misnotaði sér þessa aðstöðu sína og það traust og trúnað sem honum var sýndur til að sölsa undir sig allt hlutfé Hraðpeninga ehf. þegar ljóst

var að félagið gekk vel og skilaði verulegum hagnaði allt frá því að það hóf starfsemi. Sökum þess hversu stefnandi, Sverrir, var mikið erlendis hafði hann ekki tök á að gæta hagsmuna sinna að fullu en lagði þess í stað allt traust sitt á viðskiptafélaga sinn, stefnda, Skorra, að gæta hagsmuna sinna. Þessu trausti brást stefndi, Skorri, algerlega og misnotaði aðstöðu sína til að sölsa undir sig hlutfjáreign stefnanda.

Stefndi, Skorri, hefur viðurkennt að hafa breytt hluthafaskrá Hraðpeninga ehf. með þeim hætti að hann færði hlutfjáreign stefnanda, Sverris, yfir á sitt eigið nafn. Skýring sú sem stefnandi, Skorri, hefur gefið er að stefnandi, Sverrir, hafi aldrei greitt fyrir hlutfé sitt í félaginu. Þessari fullyrðingu hafnar stefnandi. Á grundvelli fullyrðingar stefnda, Skorra, um að stefnandi hafi ekki greitt stofnfjárframlag sitt taldi stefndi, Skorri, sér heimilt að yfirtaka hlutfjáreign stefnanda og skrá hana á eigin nafn. Stefndi, Skorri, framseldi svo umþrætta hluti til félagsins Jumdon Micro Finance Ltd. að öllum líkindum á árinu 2011, sem í dag er enn skráð fyrir þeim hlutum.

Samkvæmt ársreikningum stefnda, Hraðpeninga ehf., fyrir árin 2009 til 2011, sbr. dskj. nr. 8 til 10, hefur félagið verið rekið með verulegum hagnaði allt frá því það hóf starfsemi. Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2009, sbr. dskj. nr. 8, sem skilað var til ársreikningaskrár RSK þann 21. september 2010 er stefndi, Skorri, skráður fyrir öllu hlutfé félagsins og jafnframt í ársreikningi þess fyrir árið 2010, sbr. dskj. nr. 9.

Breyting varð á eignarhaldinu árið 2011 en fram kemur í ársreikningi stefnda, Hraðpeninga ehf., fyrir árið 2011, sbr. dskj. nr. 10, að félagið Jumdon Micro Finance Ltd. sé skráð fyrir öllu hlutfé stefnda, Hraðpeninga ehf. Fram kemur í ársreikningnum að félagið Jumdon Micro Finance Ltd. sé skráð á Kypur. Engar aðrar upplýsingar hafa fengist um framangreint framsal á hlutfénu til Jumdon Micro Finance Ltd. Stefndi, Hraðpeningar ehf., hefur jafnframt ekki skilað inn ársreikningnum fyrir árin 2012 né fyrir síðari ár.

Ekki hefur tekist að hafa upp á forsvarsmönnum stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd. né er vitað hvað félagið er skráð með lögheimili, að öðru leyti en því að fram kemur í ársreikningi stefnda, Hraðpeninga ehf., árið 2011, að Jumdon Micro Finance Ltd., sé skráð á Kypur, sbr. dskj. nr. 10. Ekkert félag er skráð á Kypur undir nafninu Jumdon Micro Finance Ltd. Önnur auðkenni svo sem kennitala eða sambærilegt auðkenni er jafnframt óþekkt. Aðrir stefndu í málinu hafa jafnframt ekki getað eða viljað veita upplýsingar um stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd. Stefningar hefur einnig leitað annarra leiða til að birta Jumdon Micro Finance Ltd. stefnuna svo sem á grundvelli Haag-samningsins um birtingar á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum en til að unnt sé að birta stefnu á grundvelli samningsins þarf heimilisfang félagsins að vera þekkt, sbr. dskj. nr. 13. Stefndi hefur því ekki verið unnt að birta stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd., stefnu með hefðbundnum hætti. Stefna þessi verður því auglýst í Lögbirtingablaði.

Stefndu hafa álfarið hafnað kröfum stefnanda að því leyti sem til þeirra hefur á annað borð náðst. Stefndi höfðar því mál þetta til að ná fram rétti sínum varðandi þær kröfur sem hafðar eru uppi í málinu.

4. Málsástæður og lagarök:

4.1 Málsástæður og lagarök sérstaklega varðandi dómkröfu á hendur Jumdon Micro Finance Ltd.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt meginreglum félaga- og samningaréttar er hann réttmætur eigandi þess hlutafjár, alls kr. 500.000, sem hann er skráður fyrir í stofngögnum stefnda, Hraðpeninga ehf., sbr. dskj. nr. 3 til 7. Stofnsamningur hafi verið gerður á grundvelli 3. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og hafi aðrir stofnendur þar staðfest og viðurkennt eign stefnanda á umræddu hlutafé og jafnframt staðfest að hlutaféð hafi verið greitt að fullu.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög má greiðsla hlutar ekki nema minna en nafnverði hans og skal hún innt af hendi fyrir skráningu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laganna. Stefnandi byggir á því að full sönnun liggja fyrir um að hann hafi greitt hlutafé sitt að fullu á grundvelli þess sem fram kemur í stofngögnum félagsins og jafnframt staðfestingu löggilts endurskoðanda félagsins á því að hlutaféð hafi verið greitt að fullu, sbr. dskj. nr. 3 til 7.

Stefnandi byggir eignarrétt sinn á opinberum gögnum, svo sem stofnskrá og öðrum stofnskjölum, sbr. dskj. nr. 3 til 7, og að með þeim hafi verið færð full sönnun fyrir því að stefnandi sé réttmætur eigandi þess hlutafjár sem um ræðir.

Stefnandi byggir á því að hann hafi ekki með neinum hætti samþykkt ráðstöfun hlutafjárins eða afsalað sér rétti sínum til hlutafjár síns í stefnda, Hraðpeningum ehf., hvorki með einum né öðrum hætti, til annars aðila, hvorki til stefnda, Skorra, né annarra. Stefnandi byggir á því að hann sé enn í dag réttmætur eigandi umþrætt hlutafjár.

Stefnandi byggir á því að stefndi, Skorri, hafi misnotað aðstöðu sína með ólögætum hætti, beitt blekkingum og slegið eign sinni á hlutafjáreign stefnanda og breytt hlutahafaskrá stefnda, Hraðpeninga ehf., í samræmi við það.

Ef ekki telst hafa verið færð fram fullnægjandi sönnun fyrir því að stefnandi hafi greitt fyrir hlutafjáreign sína þá byggir stefnandi á að samt sem áður hafi stefnda, Skorra Rafni, verið óheimilt að leggja hendur á hlutafé stefnanda án hans samþykkis.

Stefndi, Skorri Rafn, hefur haldið því fram að stefnandi hafi í raun ekki greitt hlutafé sitt. Þeirri fullyrðingu hefur stefnandi hafnað en stefnanda greiddi fyrir hlutaféð beint til stefnda, Skorra Rafns, sem hafði alfarið umsjón með rekstri félagsins í fjárveru stefnanda.

Hvort sem rétt reynist vera að stefnandi greiddi hlutaféð eða ekki þá byggir stefnandi á því að það skiptir ekki máli því stefnda, Skorra Rafni, var í öllu falli óheimilt að leggja hendur á hlutafjáreign stefnanda með þeim hætti sem hann gerði hvort sem stefndi, Skorri Rafn, efndi í raun hlutafjárloforð stefnanda eða ekki. Varðandi þetta efnisatriði vísar stefnandi til Hrd. nr. 405/1998 sem fordæmis varðandi það að þó að einn hluthafi efni hlutafjárloforð annars þá fylgir því ekki samhliða réttur þess sem loforðið efnir til að leggja hendur á hlutafé þess sem skráður var fyrir hlutafénu. Af því leiðir að ljóst má vera að stefndi, Skorri Rafn, lagði með ólögætum hætti hendur á hlutafjáreign stefnanda í félaginu Hraðpeningum ehf. og framseldi svo það hlutafé til stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd., en það félag er skráður eigandi að hlutunum í dag.

Stefnandi byggir kröfu sína á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 á grundvelli þess að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningardóm fyrir kröfu sinni.

Skorra Rafni Rafnssonar, kt. 030985-3389, er stefnt til réttargæslu varðandi viðurkenningarkröfuna á hendur Jumdon Micro Finance Ltd. til að gefa honum tækifæri til að

gæta hagsmuna sinna varðandi kröfuna og koma að sýnum sjónarmiðum og gögnum ef hann telur ástæðu til að leggja einhver gögn fram.

4.2 Málsástæður og lagarök sérstaklega varðandi dómkröfu á hendur Hraðpeningum ehf.

Stefnandi byggir á því að hann sé réttmætur eigandi að kr. 500.000 hlutum í félaginu Hraðpeningum ehf. og á grundvelli þess krefst hann að hluthafaskrá félagsins verði breytt á þá vegu að stefnandi verði skráður fyrir þeim hlutum.

Stefnandi byggir á því að stefndi, Skorri Rafn, hafi með ólögætum hætti lagt hendur á hlutafé stefnanda í félaginu Hraðpeningum ehf., sbr. málsástæður í kafla 4.1. Stefnandi byggir á því að stefndi, Skorri Rafn, hafi ekki verið réttmætur eigandi hlutafjárins þegar hann framseldi það til stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd. Stefnandi byggir þar af leiðandi á því að vanheimild hafði verið til staðar þegar hlutaféð var framselt og þar að leiðandi hafi skráning stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd., fyrir hlutunum ekkert gildi og bríða megi hlutunum af stefnda Jumdon Micro Finance Ltd.

Stefnandi byggir á því að hann sé réttmætur eigandi kr. 500.000 hluta í félaginu Hraðpeningum ehf., sem Jumdon Micro Finance Ltd., er skráð fyrir og þar af leiðandi eigi stefnandi rétt á að fá dóm fyrir því, á grundvelli meginreglna félaga- og samningaréttar, að skrá eigi það hlutafé á stefnanda í hluthafaskrá stefnda, Hraðpeninga ehf.

Stefnandi byggir kröfu sína á 4. mgr. 19. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, þar sem ekki geti verið að stefndi, Jumdon Micro Finance Ltd., hafi getað lagt fram lögmæta sönnun fyrir eignarrétti sínum á umþrættu hlutafé og því hafi stefnda, Hraðpeningum ehf., verið óheimilt að skrá hlutina á stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd.

4.3 Málsástæður og lagarök sérstaklega varðandi dómkröfu á hendur Skorra Rafns Rafnssonar:

Stefnandi byggir á því að með þeirri aðgerð stefnda, Skorra Rafns, að slá eign sinni á hlutafé stefnanda hafi stefndi, Skorri Rafn, bakað stefnanda tjón með saknæmum og ólögætum hætti. Umfang tjóns stefnanda er enn óljóst sérstaklega sökum þess að stefndi, Hraðpeningar ehf., hefur ekki skilað ársreikningum allt frá árinu 2011 eins og lög gera þó kröfu um. Stefnandi leitar því eftir að fá viðurkenningu á bótaábyrgð stefnda, Skorra Rafns, áður en farið verður að meta umfang tjónsins enda kann svo jafnframt að vera að umfang tjónsins muni ekki liggja fyrir alveg á næstunni. Stefnandi byggir kröfu sína á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 á grundvelli þess að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningardóm á bótaábyrgð stefnda, Skorra Rafns, á því tjóni sem leiddar eru líkur á að stefnandi hafi orðið fyrir.

Félagið Hraðpeningar ehf. var rekið með verulegum hafnaði árin 2010 og 2011. Árið 2010 var kr. 14.278.194 hagnaður af rekstrinum en árið 2011 var félagið rekið með kr. 34.838.450 hagnaði, sbr. dskj. nr. 9 og 10. Félagið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2012 eða síðar en gera má ráð fyrir að félagið hafi verið rekið með áframhaldandi og vaxtandi hagnaði.

Útilokað er annað en að skráður eigandi hlutafjár, þ.e.a.s. stefndi, Jumdon Micro Finance Ltd., hafi notið þess ávinnings sem orðið hefur af rekstri félagsins í formi arðgreiðsla eða með öðrum hætti tekið fé út úr rekstrinum á

þeim tíma sem Jumdon Micro Finance Ltd. hefur verið skráð fyrir þeim hlutum sem stefnandi gerir kröfu til í máli þessu.

Af því leiðir að gera má ráð fyrir að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að hann hefur ekki notið ávinnings af ábatasömum rekstri Hraðpeninga ehf. í samræmi við meinta hlutafjäreign stefnanda í félaginu. Stefnandi tekur jafnframt ólíklegt að unnt verði að endurkrefja stefnda, Jumdon Micro Finance Ltd., um það sem félagið hefur líklega fengið til sín í formi arðs eða annarra greiðsla umfram það sem það félag átti rétt á. Sérstaklega skal bent á að ekki hefur tekist að hafa upp á félaginu Jumdon Micro Finance Ltd. til að birta því stefnu og alsendis óljóst er hvort félagið muni finnast eða að það muni þá endurgreiða það sem gera má ráð fyrir að það hafi notið af ávinningi Hraðpeninga ehf. umfram stefnanda.

Af því leiðir að gera má ráð fyrir að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þessa sem er þá bein afleiðing af því að stefndi, Skorri Rafn, sló eign sinni á hlutafé stefnanda og svipti hann þar með ávinningi sínum af hlutafjäreign sinni í Hraðpeningum ehf.

4.4 Málástæður og lagarök varðandi kröfu um málkostnað:

Stefnandi krefst greiðslu málkostnaðar á grundvelli XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. þeirra. Stefnandi mun leggja fram málkostnaðarreikning lögmanns síns eigi síðar en við aðalmeðferð málsins ef til hennar kemur.

Stefnandi hefur ítrekað og um langt skeið leitað eftir viðurkenningu stefndu á eignarrétti sínum yfir umþrættu hlutafé í stefnda, Hraðpeningum ehf. Stefndu hafa allt frá upphafi alfarið hafnað því að viðurkenna rétt stefnanda að því leyti sem til þeirra hefur yfir höfuð náðs, sem hefur bakað stefnanda verulegan lögmannskostnað við að leita réttar síns.

Stefnandi er ekki með virðisaukaskylda starfsemi samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 né með opið virðisaukaskattsnúmer. Lögmonnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af lögmannspóknun, sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sem stefnandi getur ekki nýtt sér og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skattsins við ákvörðun málkostnaðar.

5. Stef nubirting á hendur Jumdon Micro Finance Ltd.

Sökum þess að ekki hefur tekist að hafa upp á félaginu Jumdon Micro Finance Ltd. á Kýpur né annarsstaðar, né forsvarsmönnum félagsins, mun stefnandi auglýst stefnu þessa í Lögbirtingarblaði. Stefnandi er ókleift að birta fyrirsvaramanni félagsins stefnu með hefðbundnum hætti. Skorað hefur verið ítrekað á aðra stefndu að upplýsa hver sé skráður eigandi hlutafjár stefnanda, Hraðpeninga ehf. og hverjir séu forsvarsmenn þess skráða eiganda, sbr. dskj. nr. 12. Stefndu hafa alfarið hafnað að upplýsa um hver sé skráður eignandi hlutafjár stefnda, Hraðpeninga ehf.

Stefnandi hefur jafnframt leitað annarra leiða til að freista þess að fá stefnu birta fyrir félaginu Jumdon Micro Finance Ltd. á Kýpur og hefur m.a. kannað með stefnubirtingu á grundvelli Haag, sbr. dskj. nr. 13. Lögmaður stefnanda sendi fulltrúa sýslumanns, sem umsjón hefur með birtingum, sbr. Haag-samninginn, fyrirspurn varðandi birtingu á hendur Jumdon Micro Finance Ltd. en í svari sýslumanns kemur fram að forsenda þess að unnt sé að birta stefnu á grundvelli samningsins sé að heimilisfang þess sem birta á fyrir sé þekkt.

Stefnandi hefur leitast við að hafa upp á félaginu Jumdon Micro Finance Ltd. á Kýpur en sú eftirgrennslan hefur leitt í ljós að ekkert félag er þar skráð sem ber nafnið Jumdon Micro Finance Ltd. né er vitað hverjir eru forsvarsmenn þess. Stefnandi vísar til 2. mgr. 83. gr. og a-lið 1. mgr. 89. gr. eml. þar sem upplýsinga verður ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum.

6. *Varnarþing og aðild:* Aðild stefndu er byggð á 1. mgr. 19. gr. eml. þar sem kröfur stefnanda eiga rót að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Um varnarþing vísar stefnandi til 1. mgr. 32. gr., 1. mgr. 33. gr., 1. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 43. laga nr. 91/1991. Aðild réttargæslustefnda, Skorra Rafns Rafnssonar, er byggð á 1. mgr. 21. gr. eml. þar sem úrslit máls geta skipt hann máli að lögum og þannig er skorað á hann gæta réttar síns.

7. *Tilvísun í helstu lagaákvæði:* Stefnandi byggir kröfur sínar á lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 og meginreglum samninga- og félagaréttar. Stefnandi byggir kröfugerð sína á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um málkostnað er vísað til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. þeirra. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988.

8. *Sönnunargögn:* Stefnandi leggur fram við þingfestingu eftirtalin skjöl:

Nr. 1. Stefnu ásamt birtingarvottorði og auglýsingu.

Nr. 2. Skrá.

Nr. 3. Tilkynning um stofnun Hraðpeninga ehf., dags. 16. desember 2009.

Nr. 4. Stofnskrá Hraðpeninga ehf., dags. 16. desember 2009.

Nr. 5. Stofnfundargerð Hraðpeninga ehf., dags. 16. desember 2009.

Nr. 6. Stofnsamþykktir Hraðpeninga ehf., dags. 16. desember 2009.

Nr. 7. Tilkynning um stofnun Hraðpeninga ehf. til RSK, dags. 16. desember 2009.

Nr. 8. Ársreikningur Hraðpeninga ehf. fyrir árið 2009.

Nr. 9. Ársreikningur Hraðpeninga ehf. fyrir árið 2010.

Nr. 10. Ársreikningur Hraðpeninga ehf. fyrir árið 2011.

Nr. 11. Grein í Viðskiptablaðinu, þann 4. maí 2013.

Nr. 12. Samskipti lögmannna aðila 12. til 18. júní 2014.

Nr. 13. Stef nubirting á grundvelli Haag-samningsins, dags. 28. apríl 2015.

9. *Skýrslutökur fyrir dómi:* Stefnandi mun gefa aðilaskýrslu við aðalmeðferð. Kallaðir verða fyrir sem vitni af hálfu stefnanda Skorri Rafn Rafnsson, Gísli Rúnar Rafnsson, Óskar Þorgils Stefánsson, Fjölvar Darri Rafnsson og Guðmundur Jens Þorvarðarson.

10. *Almennur áskilnaður:* Stefnandi áskilur sér rétt til að bera fram frekari málástæður og mótmæli, leggja fram frekari gögn þ.m.t. matsgerðir, taka skýrslu af frekari vitnum, gera breytingar og/eða auka við dómkröfur eða aðild, með eða án framhaldsstefnu eða sakaukastefnu á síðari stigum máls og allt þar til málið verður dómtekið. Áskilinn er réttur til að taka vitna- og aðilaskýrslur við aðalmeðferð málsins ef til kemur.

11. Áskorun um að mæta við þingfestingu: Hér með er skorað á stefndu, Óskar Þorgils Stefánsson, kt. 180883-3559, Jörfabakka 26, Reykjavík, framkvæmdastjóra stefnda, Hraðpeninga ehf., fyrir hönd stefnda, Hraðpeninga ehf., Ármúla 29, Reykjavík, Skorra Rafn Rafnsson, kt. 030985-3389, Gvendargeisla 102, Reykjavík, og óþekktan fyrirsvarsmann Jumdon Micro Finance Ltd., fyrir hönd þess félags, að mæta í dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, þriðjudaginn 6. október 2015, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins mega þeir búast við að útivistardómur gangi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 6. ágúst 2015.

Skúli Sveinsson hdl.

(2015014938)

Útgáfud.: 24. ágúst 2015

Stefna - til ógildingar á tryggingarbréfi

Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness,

Þorgeir Ingi Njálsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Björn Jóhannesson hrl., kt. 110363-7299, Skippholti 50 d, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Kristínar Rúnarsdóttur, kt. 061076-3799, Asparholti 5, Garðabæ, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á tryggingarbréfi í hennar eigu.

Dómkröfur: Að ógilt verði með dómi tryggingarbréf, útgefið 23. janúar 2012, af Atla Einarssyni, kt. 201066-3529, fyrir hönd Auðuns Einarssonar, kt. 241175-3409, Noregi, samkvæmt umboði, til Kristínar Rúnarsdóttur, kt. 061076-3799, að fjárhæð kr. 2.000.000, upphaflega tryggt með öðrum veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Vallarbarði 1, Hafnarfirði, matshluti 01-01-01, fastanúmer 208-0343, sem innfært var í þinglýsingarbók sýslumannsins í Hafnarfirði 25. janúar 2012 og er með þinglýsingarnúmerið 436-X-000367/2012.

Fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Björn Jóhannesson hrl., Skippholti 50 d, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, Kristínu Rúnarsdóttur.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður tryggingarbréf það sem krafist er ógildingar á hafa verið gefið út í Reykjavík 23. janúar 2012 af Atla Einarssyni, kt. 201066-3529, fyrir hönd Auðuns Einarssonar, kt. 241175-3409, samkvæmt skriflegu umboði þar um. Tryggingarbréfið var gefið út til stefnanda, Kristínar Rúnarsdóttur, kt. 061076-3799. Tryggingarbréfið var innfært í þinglýsingarbók sýslumannsins í Hafnarfirði þann 25. janúar 2012 og fékk þinglýsingarnúmerið 436-X-000367/2012.

Tryggingarbréfið, sem er að fjárhæð kr. 2.000.000, var gefið út til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á ákveðnum skuldbindingum útgefandans, Auðuns Einarssonar, eins og nánar er tilgreint í 2. tl.

tryggingarbréfsins. Þar kemur fram að bréfið sé gefið út til tryggingar skuld Auðuns vegna eftirstöðva á láni frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, með veði í fasteigninni að Arnartanga 81, Mosfellsbæ, þ.e. helmingshlutdeildar Auðuns í því láni en skuldari þess láns var stefnandi máls þessa og var skuldin tilkomin vegna sameiginlegra kaupa Auðuns og stefnanda á íbúð að Erluási 2, Hafnarfirði. Þá kom fram í tryggingarbréfinu að við sölu á fasteigninni að Erluási 2, Hafnarfirði skyldu veðskuldir á þeirri eign greiddar upp og eftirstöðvum söluverðsins síðan ráðstafað inn á áðurnefnt lán frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Auðunn skyldi greiða sinn helming af eftirstöðvum lánsins sem þá yrði eftir, svo fljótt sem auðið yrði, í síðasta lagi við sölu á fasteign hans að Vallarbarði 1, Hafnarfirði, en þó í allra síðasta lagi þann 1. júlí 2012.

Fyrir liggur yfirlýsing af hálfu stefnanda, sem eiganda fyrrgreinds tryggingarbréfs, um að þær skuldir sem tryggingarbréfinu var ætlað að tryggja á sínum tíma séu nú að fullu greiddar, sbr. yfirlýsing stefnanda á dskj. nr. 5. Frumrit tryggingarbréfsins hefur hins vegar glatast og ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit og því hefur ekki verið hægt að aflýsa tryggingarbréfinu af fasteigninni Vallarbarði 1, Hafnarfirði, matshluti 01-01-01, fastanúmer 208-0343, en tryggingarbréfið var upphaflega tryggt með 2. veðrétti í eigninni. Stefnanda er nauðsynlegt að fá tryggingarbréfið ógilt með dómi, þannig að hægt sé að aflýsa því af fasteigninni.

Stefnandi vísar um lagarök til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit tryggingarbréfs, útg. 23. janúar 2012, ásamt viðfestu umboði.
4. Þinglýsingarvottorð fasteignarinnar að Vallarbarði 1, Hafnarfirði.
5. Yfirlýsing Kristínar Rúnarsdóttur, kt. 061076-3799, dags. 17. ágúst 2015.
6. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.

Áskorun og fyrirfall: Vegna þess stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal embættisins að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 30. september 2015, kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, að sanna rétt sinn til tryggingarbréfsins, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu bréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 18. ágúst 2015.

Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri.

(2015014968)

Lögbirtingablað,

72. tölublað 2015.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.